



Næstu rusladagar:

20. febrúar - Almenn t sorp

6. mars - Almenn t sorp

13. mars - Endurvinnsla

Íbúar eru minntir á að taka ruslapoka upp úr tunnum á almennum sorpdögum og að tryggja aðgengi að endurvinnslutunnum þá daga sem hún er tæmd.

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Frá ferðasjóði 8.-10. bekk Valsárskóla

Ferðasjóður hefur til sölu 48 wc-rúllur á 6500 og 15 eldhúsrúllur á 3500. Hafa má samband við Þórdísi Jóhannsdóttur í síma 849-4035 eða heima hjá henni í Laugartúni 4.

Kvenfélag

Aðalfundur Kvenfélags Svalbarðsstrandar verður haldinn í Móafelli þann 10. mars kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar hjartanlega velkomnir.

Stjórn Kvenfélags Svalbarðsstrandar.

Valsárskóli

Skólastarfið í Valsárskóla



Síðustu vikur hefur skólastarfið mótast af árshátíðinni sem haldin var síðastliðinn föstudag. Nemendur skólans lögðu mikið á sig við að gera hátíðina sem veglegasta. Mikið nám fer fram á meðan árshátíð skólans er undirbúin. Nemendur lærðu á ný tölvuforrit, þjálfast í að taka myndbönd og vinna mynd og hljóð. Söngur, hljóðfæraleikur og framsögn eru æfð af miklum mót og allir þjálfast í leikrænum tilburðum.

Samhliða þessari vinnu hefur verið unnið að skólablaði Valsárskóla og verður það tilbúið á næstu vikum. Nemendur hafa verið mjög duglegir að skrifa í blaðið og safna auglýsingum og þegar blaðið kemur út munu þau ganga í hús og selja það íbúum í Svalbarðsstrandarhreppi og nágrenni. Ég bið ykkur að virða við þau þá vinnu sem þau hafa lagt á sig og taka þeim vel þegar þau banka uppá.

Í næstu viku fer 7. bekkur í skólabúðir á Húsabakka í Svarfaðardal. Þau leggja af stað á mánudagsmorgun og koma heim seinni partinn á föstudag. Í búðunum verður margt skemmtilegt gert. Börnin fá ýmis konar fræðslu, þau vinna í fjölbreyttum listasmiðjum, lögreglan og björgunarsveitir verða með forvarnafræðslu og lífríki í Svarfaðardal er skoðað. Síðast en ekki síst eru skólabúðirnar mikil áskorun fyrir unga nemendur sem margir fara nú í fyrsta skipti í svo langan tíma burt frá fjölskyldu sinni. Foreldrar eru þó velkomnir að koma í skólabúðirnar og hitta börn sín og kynna sér að eigin raun hvað boðið er uppá.

Með bestu kveðju frá skólanum

Inga Sigrún Atladóttir

Skólastjóri Valsárskóla

Álfaborg



Af Álfaborgurum er það að fréttu að vinna okkar í tengslum við aðalnámskrána heldur áfram. Núna á umhyggjan hug okkar allan og til að sýna umhyggju í verki var ákveðið að styrkja börn sem urðu illa úti í hamförunum á Filippseyjum. Allir kepptust við að búa til listaverk í anda Filippeskrar listakonu, Pacitu Abad, sem síðan voru til sýnis og sölu í Safnasafninu á Degi leikskólans þann 6. febrúar sl.

Marsmánuður sýnir sig fljótlega og þá byrjar vinna okkar með upp-götvun. Það tímabil varir í 3 mánuði en á þeim tíma munum við líka vinna listaverk í samvinnu við Safnasafnið sem opnar í maí.

Í tilefni konudagsins 23. febrúar bjóða börnin mæðrum sínum, ömmum eða frænkum í konudagskaffi mánudaginn 24. febrúar.

Námskeiðs- og starfsdagur starfsfólks er 06. og 07. mars og þá er leikskólinn lokaður. Vinna við skólanámskrána okkar mun taka mikið af þessum tíma þar sem að mörgu er að hyggja þegar kemur að slíkri vinnu.

Eins og sést á þessu er alltaf líf og fjör í Álfaborg og nóg að gera.

Þorrablót

Þá er þorrablót ársins afstaðið og vonandi skemmtu allir sér vel. Skemmtinefndin stóð sig stórvel, eins og við var að búast, með skemmtidagskrá, hópsöng, fallega skreyttum sal og öllu gullinu. Ekki má svo gleyma kræsingunum sem voru í boði Kjarnafæðis í tilefni þess að fyrirtækið hefur flutt alla starfsemi sína á Svalbarðseyri.

Gaman er svo að segja frá því að sú nýbreytni var tilhöfð að valinn var Ströndungur ársins og hlaut Kristín S. Bjarnadóttir í Sigluvík þá nafnbót.

Að lokum ber svo að telja upp nýja þorrablótnefnd en hana skipa: Kristín Laufey Ingólfssdóttir, Harpa Helgadóttir, Vilhjálmur Rósantsson, Gylfi Halldórsson, Valtýr Hreiðarsson, Anna Karen Úlafsdóttir, Dagbjörg Beck og Þröstur Kolbeins. Þá er bara að láta sig hlakka til næsta þorrablótis.

Litið um öxl

Frétt frá 23. janúar 1948:

Stórbruni í Siglúvík í fyrradag:

12 kýr fórust í eldi, - íbúðarhús og fjós brann til kaldra kola

Allt innbú óbrunatryggt og lág brunatrygging á húsunum.

Frá fréttaritari Alþýðublaðsins, Akureyri.

Tólf kýr fórust í eldsvoða á bænum Siglúvík á Svalbarðsströnd, er íbúðarhúsið þar og fjósið brunnu til kaldra kola. Engum innanstokksmunum var bjargað úr húsinu og voru þeir allir óvátryggðir, en byggingarnar voru lágt vátryggðar.

Eldurinn kom upp í kjallara íbúðarhússins, en það var úr steini, en þiljað innan. Breiddist eldurinn mjög fljótt út og var húsið og fjósið orðið alelda á 10 mínútum, og enginn tími vannst til að bjarga nautgripum út úr fjósinu, og fórust þeir allir, 12 að tölu.

Var fjósið áfast við íbúðarhúsið. Enn fremur læsti eldurinn sig í heyhlöðu við fjósið og skemmdist hún mikið, en heyið tókst að verja að mestu.

Bóndinn í Siglúvík heitir Valdimar Kristjánsson. Bjó hann þar með konu sinni, tveimur sonum og tengdaforeldrum, en auk þeirra var tvennt annað í heimili, öldruð kona og karlmaður. Var fólkið flutt að Breiðabóli, sem er næsti bær við Siglúvík, og líður því öllu vel.

Eins og áður segir var engu af innanstokksmunum bjargað og missti fólkið því allar eigur sínar í brunanum, rúmföt, fatnað og matvæli. Innbú var allt óvátryggt, en húsin voru lágt vátryggð. Hefur tjón fólksins í Siglúvík því orðið gífurlegt.

Íkvikununin mun hafa orðið frá miðstöðvarkatli.

Alþýðublaðið, 18. tbl. (23.01.1948), bls. 8

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1078884

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 18. mars - skil 14. mars